



SAMKEPPNISHÆFNI ÞJÓÐARBÚSINS Í LJÓSI STYRKINGAR KRÓNUNNAR

3. febrúar 2017

Inngangur

Undir lok ársins 2016 fundaði ráðherranefnd um efnahagsmál, sem í áttu sæti forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, utanríkisráðherra og innanríkisráðherra, sérstaklega um viðvarandi styrkingu krónunnar og vaxandi hættu á ójafnvægi í hagkerfinu.

Ráðherranefndin ákvað að fela sérfræðingum úr forsætisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti að greina stöðuna og koma með tillögur til að stemma stigu við pensluhættu og þeirri hættu sem steðjar að samkeppnishæfni þjóðarbúsins.

Sérfræðingunum var falið að eiga fundi með hagsmunaaðilum og fleiri sérfróðum aðilum til að varpa sem bestu ljósi á aðstæður og fá þeirra hugmyndir að úrbótum. Þess var óskað að vinnunni yrði hraðað og að niðurstöður myndu liggja fyrir í janúarmánaði 2017.

Dagana 10., 11. og 12. janúar sl. áttu sérfræðingarnir fundi með Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu, Samtökum ferðapjónustunnar, Viðskiptaráði Íslands, Landssamtökum lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, Greiningardeild Íslandsbanka, Hagfræðideild Landsbankans og Greiningardeild Arion banka. Á fundunum lögðu viðmælendur ráðuneytanna fram ýmis gögn sem sum hver voru sérstaklega tekin saman af þessu tilefni. Sérfræðingar ráðuneytanna hafa undanfarið unnið að greiningu og úrvinnslu á þessum upplýsingum auk annarrar gagnöflunar.

Af hálfu forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis hafa Anna Borgþórsdóttir Olsen, Benedikt Árnason, Fjóla Agnarsdóttir, Guðrún Þorleifsdóttir, Heiður M. Björnsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurður Páll Ólafsson og Tinna Finnbogadóttir tekið þátt í vinnunni.

Í upphafi þessa skjals er viðfangsefninu lýst, því næst er rekstrarskilyrðum útflutningsgreina gerð skil með hliðsjón af gengisstyrkingu krónunnar og í lokin kynnr hópurinn niðurstöður sínar.

Viðfangsefnið

Hækkun á nafngengi krónunnar um tæplega 20% gagnvart meðaltali helstu viðskiptamynta á árinu 2016 kemur til vegna jákvæðs viðskiptajöfnuðar, sem einkum má rekja til mikils vaxtar í ferðapjónustu, góðrar erlendra stöðu þjóðarbúsins og bættra viðskiptakjara. Styrking krónunnar hefði, að öðru óbreyttu, orðið meiri ef ekki hefðu komið til umfangsmikil kaup Seðlabanka Íslands á gjaldeyri. Afleiðing þeirra er gjaldeyrisforði hvers stærð og umfang kunna að ógna fjárhagslegum styrk Seðlabankans. Rými hans til frekari kaupa á gjaldeyri fer minnkandi og því útlit fyrir að áhrif Seðlabanka á gengismyndun verði ekki eins mikil á komandi árum, að öðru óbreyttu.

Þrýstingur til styrkingar mun síst verða minni í náinni framtíð ef litið er til þess að nú eru aðstæður til útflutnings með ágætum og spár um afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum til næstu ára eru hagfelldar, aðgengi að erlendri fjármögnun fer batnandi, töluverður vaxtamunur er við útlönd og góð erlend staða þjóðarbúsins þýðir að afborganir af erlendum skuldum munu verða minni en áður. Gengishækkun síðustu missera er því að vissu leyti eðlileg aðlögun að jákvæðum ytri aðstæðum í íslenskum þjóðarbúskap.

Þenslueinkenni eru víða sýnileg í hagkerfinu. Launahækkningar eru ríflegar og langt umfram verðlagsþróun og framleiðnivöxt. Erlent vinnuafli hefur flust til landsins í miklum mæli, einkum til starfa í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Aukinn kaupmáttur, innflutningur vinnuafli, vöxtur í ferðaþjónustu og fjármagnshöft hafa ýtt undir hækkun húsnæðisverðs. Vöruinnflutningur hefur aukist án þess að vöruútflutningur hafi aukist á móti sem leitt hefur til halla á vöruskiptajöfnuði. Stóraukinn afgangur á þjónustujöfnuði hefur þó leitt til afgangi á viðskiptajöfnuði. Vöxtur þjóðarútgjalda er mikill en eðlilegur í ljósi vaxandi hlutdeildar erlendra ferðamanna í neyslu innanlands og vegna kröftugrar atvinnuvegafjárfestingar. Umtalsverður vöxtur er í ríkisútgjöldum sem rekja má til krafna um styrkingu á grunnþjónustu og samfélagsinnviðum eftir sársaukafullan niðurskurð á árunum eftir fjármálakreppuna. Þessi þenslueinkenni koma í veg fyrir að Seðlabankinn lækki vexti að ráði en vaxtamunur á milli Íslands og viðskiptalanda er verulegur.

Þrátt fyrir miklar launahækkningar, aukin ríkisútgjöld og háa vexti er jafnvægi í hagkerfinu betra en oftast áður. Verðbólga mælist innan verðbólguþröngu, þjóðhagslegur sparnaður er mikill, útlánavöxtur er hóflegur, utanríkisviðskipti eru rekin með afgangi og skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera lækka. Að jafnaði hefur aukið ójafnvægi verið farið að láta á sér kræla á þessum stað hagsveiflunnar í íslenskri hagsögu.

Ástæðan fyrir því að jafnvægi er betra en oftast áður, þrátt fyrir þenslueinkenni, er fyrst og fremst hinn mikli búhnykkur í ferðaþjónustu sem leitt hefur til fordæmalauss gjaldeyrisinnflæðis auk hagstæðra ytri aðstæðna og farsællar lausnar á málum slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja. Gjalddeyrisforði þjóðarinnar að frádregnum erlendum skuldum hefur vaxið gríðarlega á tveimur árum. Hrein erlend staða þjóðarbúsins er jákvæð í fyrsta skipti frá stríðslokum.

Jákvæðar ytri aðstæður og fjölgun ferðamanna hafa gert þjóðina ríkari og leitt af sér slíkar breytingar fyrir hagkerfið að ætla má að jafnvægisraungengi hafi hækkað frá því sem var. Þó þessi staða sé jákvæð er ástæða til að hafa áhyggjur af þenslu. Mörg dæmi eru um í íslenskri hagsögu að mikilli gengisstyrkingu krónunnar hafi fylgt snörp gengislækkun og erfið aðlögun að nýju jafnvægi.

Frá fjármálakreppunni 2008 hefur framleiðnivöxtur hér á landi, sem og víða annars staðar í heiminum, farið minnkandi. Það hefur verið rakið til lágs fjárfestingarstigs en einnig þess að vægi greina þar sem framleiðni er minni hefur aukist. Á Íslandi hefur heildarvinnustundum frá árinu 2009 fjölgað mest í þeim geirum þar sem framleiðni er minnst. Þegar litið er til langs tíma skiptir sköpum fyrir hvert hagkerfi að auka framleiðni, þ.e. að stuðla að meiri framleiðslu með sömu hráefnum eða sömu

framleiðslu með minni hráefnum. Aukin framleiðni er ekki endamarkmið heldur þau bættu lífsgæði sem af aukinni framleiðni leiða. Framleiðni hefur í sögulegu samhengi verið lág á Íslandi sem Íslendingar hafa bætt sér upp með því að vinna meira en flestar aðrar þjóðir. Ísland á enn langt í land með að brúa framleiðnibilið gagnvart viðskiptalöndum okkar. Hagsæld Íslendinga til framtíðar byggist að verulegu leyti á því hvort takist að auka framleiðni.

Rekstrarskilyrði útflutningsgreina

Þrátt fyrir mikla gengisstyrkingu og hátt raungengi hefur verðmæti heildarútflutnings aukist um rúmlega fimmtung á föstu verðlagi frá ársbyrjun 2010 til þriðja ársfjórðungs 2016 en framlag útflutningsgreina hefur breyst mjög á tímabilinu. Þannig hefur verðmæti útfluttra sjávarafurða dregist saman um 6%, útflutningur áls og álafurða dregist saman um 11%, útflutningur annarra iðnvara en áls hefur aukist um 5% og tekjur af erlendum ferðamönnum um 131%. Annar útflutningur hefur dregist saman um 2% að raunvirði. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um helstu útflutningsgreinar eftir hlutdeild þeirra í útflutningsverðmætum.

1.1 Ferðapjónusta

Gengisstyrking síðustu missera hefur ekki haft neikvæð áhrif á komur ferðamanna til landsins enn sem komið er. Óvíst er að hún muni hafa áhrif á fjöldann þó áhrifa geti gætt í samsetningu þeirra ferðamanna sem hingað koma og neyslu (eða eyðslu) þeirra. Á árunum 2003 til 2007 fjölgaði ferðamönnum um 50% þrátt fyrir talsverða styrkingu raungengis á þeim tíma. Ferðamönnum fækkaði svo lítillega á árunum 2009 og 2010 þrátt fyrir verulega veikingu krónunnar, en þá fækkun má eflaust rekja til efnahagssamdráttar beggja vegna Atlantshafsins. Undanfarin þrjú ár hefur fjöldi ferðamanna aukist um 82% á sama tíma og raungengið hefur styrkst um 17,5%.

Þrátt fyrir að gengi ráði miklu um kaupmátt erlendra ferðamanna virðist gengishækkun síðustu missera ekki hafa dregið úr áhuga ferðamanna á landinu. Tveir af fyrirsjáanlegustu og stærstu útgjaldaliðum ferðamanna eru fluggjöld og gisting. Fluggjöld hafa lækkað vegna lækkunar olíuverðs og aukinnar samkeppni flugfélaga með miklu meira framboði flugsæta til og frá landinu. Valkostum í gistingu hefur einnig fjölgað og því hefur úrval ódýrari gististaða aukist. Þar sem þessir útgjaldaþættir hafa dregist saman getur heildarkostnaður ferðar haldist óbreyttur þrátt fyrir verðhækkunar á Íslandi. Ferðapjónustan selur vörur sínar að miklu leyti 12-18 mánuði fram í tímann og áhrifa gengishækkana mun ekki gæta að fullu fyrir en að tveimur árum liðnum. Gengi krónunnar hefur þróast með ólíkum hætti gagnvart mismunandi gjaldmiðlum og ferðamönnum frá löndum með myntir sem hefðu staðið í stað eða veikst lítillega gagnvart krónunni jafnvel fjölgað. Ólík gengispróun krónunnar gagnvart mismunandi gjaldmiðlum gæti haft áhrif á það hvaðan ferðamenn koma án þess að hafa áhrif á heildarfjölda ferðamanna. Hvað sem þessu líður þá má ætla að neysla ferðamanna hérlendis dragist saman með hækkandi raungengi.

Mun hærra hlutfall tekna en gjalda ferðapjónustufyrirtækja verða til í erlendri mynt. Því leiðir skörp gengishækkun til neikvæðra áhrifa á afkomu ferðapjónustufyrirtækja.

Vísbendingar eru um að þrátt fyrir mikla aukningu ferðamanna fari afkoma fyrirtækja í ferðaþjónustu versnandi.

Nokkuð hefur borið á skorti á vinnuafli, þá sérstaklega í byggingastarfsemi og ferðaþjónustu. Þessum skorti hefur að einhverju leyti verið mætt með innflutningi á vinnuafli, sem eykur framleiðslugetu þjóðarbúsins og léttir á þrýstingi á innlenda framleiðsluþætti. Slíkur sveigjanleiki vinnuafls er til þess fallinn að milda áhrif mögulegs samdráttar í ferðaþjónustu.

1.2 Sjávarútvegur

Heildarvirði útfluttra sjávarafurða hefur dregist saman um 6% frá byrjun árs 2010, en þessi samdráttur er samspil afurðaverðs, gengis krónunnar og magns útflutnings. Frá ársbyrjun 2010 til þriðja ársfjórðungs 2016 hækkaði verð sjávarafurða um 36% sem vegur á móti áhrifum gengisstyrkingar krónunnar á sama tíma við mat á virði útflutnings. Magn útfluttra sjávarafurða jókst um 24% frá 2010 til 2013 en var mjög svipað árið 2015 og hafði verið 2010. Útfluttar sjávarafurðir hafa því dregist saman frá árinu 2013 og á fyrstu 11 mánuðum ársins 2016 var 7% minna magn flutt út en á sama tímabili árið áður. Magnbreytinguna má að einhverju leyti rekja til minni loðnuafla skv. upplýsingum frá Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Þá hafa orðið breytingar á mikilvægum mörkuðum fyrir útfluttan íslenskan fisk og má þar nefna um 60% samdrátt í útflutningi til Nígeríu og lokun markaða í Rússlandi.

Styrking krónunnar er sá óvissuþáttur í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja sem mest áhrif hefur haft á tekjur þeirra á undanförunum misserum. Þannig eru dæmi um að aflaverðmæti frystitogara hafi dregist saman um 19% vegna gengisstyrkingar, þ.e. þegar magni og afurðaverði er haldið föstu. Þol fyrirtækja í sjávarútvegi fyrir gengisstyrkingu er hins vegar misjafnt. Rækjuvinnslan þolir styrkinguna sérstaklega illa þar sem framleiðni í greininni er lág. Einnig hefur verðmæti uppsjávartegunda tekið dýfu. Minni aðilar í sjávarútvegi eru sérstaklega viðkvæmir fyrir gengisstyrkingu og margir slíkir berjast nú í bökkum.

1.3 Iðnaður og nýsköpun

Útflutningsskilyrði vinnuaflsfrekra greina með hlutfallslega háan launakostnað hafa versnað hratt á skömmum tíma. Þar eru stærstar þrjár útflutningsgreinar; (i) fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta, (ii) hugverk og (iii) önnur viðskiptaþjónusta, sem saman námu 18% af þjónustuútflutningi fyrstu þriggja ársfjórðunga ársins 2016. Útflutningur þessara greina hefur vaxið um nærri 40% á þremur árum úr 73 milljörðum króna árið 2013 í 102 milljarða króna árið 2015. Á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins 2016 hefur útflutningurinn hins vegar dregist saman miðað við sama tímabil í fyrra. Á vegum Samtaka iðnaðarins kom á fund sérfræðingahópsins framkvæmdastjóri nýsköpunarfyrirtækis sem selur sína framleiðslu að miklu leyti erlendis. Hjá fyrirtækinu vinnur nær eingöngu langskólagengið fólk með heilbrigðismenntun eða doktorspróf með laun sem eru a.m.k. 50% hærrí en meðallaun sérfræðinga. Hann sagði fyrirtækið hafa upplifað 25% árlega verðbólgu í rekstrarkostnaði síðastliðin tvö ár vegna sterkara gengis og launahækkana meðan tekjur í krónum hefðu dregist saman. Í dag stæði fyrirtækið frammi fyrir því að líklega væri hagstæðast að flytja starfsemina úr landi eða selja hana til erlendra fjárfesta. Þetta er ekki einsdæmi meðal nýsköpunarfyrirtækja á

Íslandi sem mörg hver blómstruðu eftir fjármálaáfallið þegar mikið framboð var af vel menntuðu starfsfólki og gengi krónunnar lágt. Við blasir að mikil gengisstyrking, samfara óvenju miklum launahækkunum, getur leitt til þess að fleiri störf af þessu tagi flytjist úr landi.

Stóriðja á Íslandi mun líklega verða fyrir minnstum áhrifum útflutningsgreina af gengisstyrkingu enda er hlutfallslegur launakostnaður hennar lægri en flestra annarra greina. Þá gera mörg fyrirtæki í þessum iðnaði upp í erlendri mynt og er afkoma þeirra þar af leiðandi síður háð gengi en til að mynda álverði. Álfyrirtækin hafa þurft að þola talsverða lækkun á álverði en spár gera þó ráð fyrir að álverð fari hækkandi á næstu árum.

Benda má á að gengisstyrkingin kemur sér einnig illa fyrir innlendan iðnað því innfluttar vörur fást nú á sífellt hagstæðara verði. Að einhverju leyti má segja að hann fljóti áfram á almennum hagvexti.

Niðurstöður

Hópurinn hefur tekið saman sínar helstu niðurstöður í níu liðum. Í stuttu máli eru niðurstaða hópsins sú að vænlegast sé til árangurs að stuðla að mótun sterkrar umgjarðar sem ýtir undir stöðugleika. Þetta var einnig almennt mat þeirra aðila sem funduðu með hópnum og í þeim samtölum var ekki kallað eftir skyndilausnum.

Fyrstu þrjú liðir niðurstöðunnar lúta að betri virkni lykilþátta í annars vegar kjarasamningum á vinnumarkaði og hins vegar opinberri hagstjórn, þ.e. peningastefnu og opinberum fjármálum. Samhæfing þessara þriggja þátta er nauðsynleg til að skapa traust og tiltrú á milli aðila vinnumarkaðarins, Seðlabankans og stjórnvalda og minnka sveiflur í efnahagslífinu. Liðir 4, 5 og 6 snúa að sérstökum aðgerðum til að auka langtímahagsæld. Liðir 7 og 8 snúa að fjármagnsflutningum og sá síðasti að opinberum fjármálum.

1. Vinnumarkaðsumbætur þarf að setja á oddinn.

Launahækkanir undanfarinna missera samrýmast ekki efnahagslegum stöðugleika og virðist vinnumarkaðurinn vera kominn í ógöngur. Nýlegir kjarasamningar hafa almennt ekki byggst á efnahagslegum forsendum heldur mati hvernar stéttar á réttlæti sér til handa með vísun til hentugs samanburðar. Þessu verður að breyta ef ekki á illa að fara en það krefst sáttar og samheldins átaks allra sem að koma. Skoða þarf efnahagslegar forsendur fyrir nýja kjarasamningalotu, finna nýtt viðmið fyrir launabreytingar eða „merki“ sem hentar íslenskum þjóðarbúskap og myndar grunn fyrir aðra hópa. Mikilvægt er að bæta launatölfræði, efla vinnumarkaðsumgjörð og stöðu ríkissáttasemjara og vinna eftir samkomulagi um jöfnun lífeyrisréttinda, m.a. með jöfnun launa á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þrjú úrskurðir kjararáðs á árinu 2016 höfðu neikvæð áhrif á viðkvæma stöðu á vinnumarkaði og voru ekki til þess fallnir að ýta undir sátt.

2. Tímabært er að endurskoða peninga- og gengisstefnu.

Mikil umræða og ósætti ríkir hér á landi um bæði ramma peningastefnunnar og framkvæmd hennar. Sú umræða er ugglaust að mestu til komin vegna hærri vaxta og meiri raungengissveiflna hér á landi heldur en tíðkast í rekstrarumhverfi útflutningsfyrirtækja sem eiga í samkeppni við íslensk fyrirtæki á alþjóðlegum mörkuðum. Ójafnvægi vegna hefðbundinna framboðs- og eftirspurnarskella finnur sér ólíkan farveg í hagkerfinu eftir því hver peninga- og gengisstefnan er. Því er kappsmál að endurskoðun peninga- og gengisstefnu snúist einnig um hvernig skapa megi stöðugra og fyrirsjáanlegra efnahagsumhverfi til frambúðar. Heildstæð endurskoðun stefnunnar með aðkomu breiðs hóps er líkleg til að skapa aukna sátt og stuðning við framkvæmd hennar en hafa verður í huga að engin einföld lausn er til á þessu viðfangsefni í opnu örhagkerfi eins og því íslenska.
3. Markmiðum laga um opinber fjármál þarf að fylgja eftir af festu.

Lög um opinber fjármál, sem tóku gildi í byrjun árs 2016, kveða á um langtímasýn í fjármálum ríkis og sveitarfélaga sem markar tímamót. Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjármálastefnu til fimm ára í samráði við sveitarfélögin í upphafi hvers kjörtímabils og þingsályktunartillögu um nánari sundurgreiningu opinberra fjármála í fjármálaáætlun til fimm ára á hverju ári. Fyrir traust og trúverðugleika fjármálastefnunnar, og þar með samspil við peningastefnu og vinnumarkað, er mjög mikilvægt að fjármálastefnan haldi og að hún byggi á traustum forsendum. Lög um opinber fjármál eru leiðarljós að bættri hagstjórn og þar með auknum stöðugleika. Að þessu leyttinu til eru nýju lög in prófsteinn á Alþingi, ríkisstjórn og sveitarstjórnir.
4. Ákvarðanatöku og aðgerðir í málefnum ferðaþjónustunnar eru nauðsynlegar.

Ferðaþjónustan hefur á nokkrum árum orðið stærsta uppspretta gjaldeyrstekna á Íslandi. Umsvif í atvinnugreininni aukast ár frá ári og hafa mikil áhrif á náttúruna, samfélagið, vinnumarkaðinn og flesta innviði auk gríðarlegra efnahagslegra áhrifa. Hópurinn telur því nauðsynlegt að á grunni þeirra gagna sem liggja fyrir um ferðaþjónustuna taki ríkisstjórnin skýra afstöðu til m.a. stýringar, skattlagningar og gjaldtöku. Jafnframt væri æskilegt að einfalda og samhæfa stofnanaumgjörð atvinnugreinarinnar.
5. Varúðarsjóður stofnaður.

Litlum og opnum hagkerfum með fáum útflutningsstöðum, líkt og hinu íslenska, er hættara við tíðari og stærri hagsveiflum en þeim sem stærri eru og búa við lægra hlutfall utanríkisviðskipta. Við bætist að á Íslandi verða hagsveiflur oft og tíðum af náttúrulegum orsökum sem illa verður við ráðið. Sjóður sem nýttur væri til að jafna út sveiflur og til fjárhagslegrar

uppbyggingar væri ákjósanlegur. Nú eru aðstæður hagfelldar til stofnunar slíks sjóðs t.d. með því að færa hluta gjaldeyrisforðans í varúðarsjóð og byggja sjóðinn með auðlindatekjum, s.s. orkufyrirtækjum í eigu ríkisins og einkiptistekjum ríkissjóðs sem hætt er við að yrðu annars notaðar til þess að greiða fyrir útgjaldaaukningu til frambúðar.

6. Framleiðnivettvangur settur á laggirnar.

Lág framleiðni stendur íslenskum þjóðarbúskap fyrir þrifum. Gera verður gangskör að því að auka framleiðni bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum. Aukin framleiðni hjá hinu opinbera myndi gera því kleift að standast betur þær áskoranir sem þjóðin stendur frammi fyrir í opinberum fjármálum, m.a. vegna öldrunar þjóðarinnar. Í skýrslu McKinsey um íslenskt hagkerfi frá 2012 var sjónum sérstaklega beint að lágri framleiðni í innlenda þjónustugeiranum, þ.e. þeim geira sem stundar einungis viðskipti á Íslandi og er varinn fyrir erlendri samkeppni. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki og samtök þeirra hugi sérstaklega að því hvernig unnt væri að gera betur í innlenda þjónustugeiranum. Í samræmi við tillögur OECD í skýrslu um Ísland frá árinu 2015 er lagt til að stjórnvöld stofni framleiðnivettvang til að koma með tillögur um aukna framleiðni á einstökum sviðum.

7. Afnám fjármagnshafta við réttar aðstæður.

Tekin hafa verið stór skref í átt að fullri losun fjármagnshafta í kjölfar lausnar á málum slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja og útboði fyrir aflandskrónueigendur. Eðlilegt væri að stemma stigu við mikilli styrkingu krónunnar með því að losa enn frekar um höft á útflæði á næstunni að því marki sem kostur er með hliðsjón af áætlun stjórnvalda um losun hafta og stöðu aflandskróna sem bundnar eru inni í íslenska hagkerfinu. Samhliða afnámi fjármagnshafta þarf að tryggja að fyrir hendi verði fullnægjandi þjóðhagsvarúðartæki til að bregðast við miklum sveiflum á fjármagnsflæði sem gætu valdið óstöðugleika.

8. Viðbótarheimild til erlendra fjárfestinga lífeyrissjóða.

Ef ekki er unnt að losa höft að fullu á þessu ári væri ákjósanlegt að auka frekar möguleika lífeyrissjóða til erlendra fjárfestinga og auka þar með áhættudreifingu þeirra. Lífeyrissjóðirnir hafa nú þegar 100 milljarða króna heimild á þessu ári til gjaldeyriskaupa en þeirri fjárhæð er skipt niður á einstaka mánuði ársins og ónýttar heimildir er ekki hægt að flytja milli mánuða. Mat lífeyrissjóðs á því hvort, og hvenær, sé gott fyrir hann að bæta erlendum eignum í safn sitt getur breyst milli mánaða og með þessu fyrirkomulagi er líklegra að heimildir þeirra falli niður ónotaðar. Með því að

bæta við fjárhæð sem nýtanleg væri hvenær sem er innan ársins gætu lífeyrissjóðir aukið við fjárfestingar sínar háð mati og stöðu hvers sjóðs.

9. Aukið aðhald í rekstri hins opinbera.

Þrátt fyrir mikinn hagvöxt hefur verið halli á rekstri hins opinbera á undanförunum árum, að undanskildum óreglulegum liðum. Útgjaldavöxtur ríkissjóðs á milli áranna 2016 og 2017 er áætlaður um 50 milljarðar króna, eða um 8% af ríkisútgjöldum. Þrátt fyrir góðæri er heildarafkoma opinberra aðila á þessu ári einungis áætluð um 0,5% af landsframleiðslu. Opinber fjármál styðja því ekki við hagstjórn við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðarbúskapnum. Nauðsynlegt er einnig að samhæfa betur fjárfestingar einstakra opinberra aðila enda eru fjárfestingar opinberra fyrirtækja, eins og Isavia, Landsvirkjunar og Landsnets, nú meira en helmingur opinberra fjárfestinga.

Til að tryggja stöðugleika í þjóðarbúskapnum er mikilvægt að stjórnvöld líti heildstætt til ofangreindra þátta og komi fram með trúverðuga og tímasetta aðgerðaráætlun sem unnið verður eftir á kjörtímabilinu. Með því má koma á framfæri skýru merki um að stefnt verði að því að viðhalda stöðugleika.